

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærði, Franklín Kristinn Steiner, skal sæta gæsluvarðhaldi þar til miðvikudaginn 6. nóvember 1985, kl. 17:00.

Mánudaginn 30. september 1985.

Nr. 72/1985

103/1985. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Gunnhildi Gunnarsdóttur

(Jón Oddsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Málasamsteypa. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Dómi sakadóms Akureyrar frá 29. nóvember 1984 í málinu ákærvaldið gegn Gunnhildi Gunnarsdóttur var hinn 1. mars 1985 skotið til Hæstaréttar að ósk ákærðu, en jafnframt er af ákærvaldsins hálfu krafist þyngingar refsingar ákærðu. Þá er einnig hinn 17. apríl 1985 áfrýjað til þyngingar dómi sakadóms Akureyrar 4. mars 1985 í öðru máli ákærvaldsins gegn Gunnhildi Gunnarsdóttur. Eru brot þau, sem ákærðu er gefin sök á í málum þessum, bæði framin áður en dómur gekk í héraði í fyrra málinu. Hafa málin því verið sameinuð í Hæstarétti.

Ágrip bárust Hæstarétti 30. júlí 1985.

Með skírskotun til forsendna hinna áfrýjuðu dóma ber að staðfesta niðurstöður héraðsdóms um sakarmat og heimfærslu til refsíðkvæða.

Við ákvörðun refsingar ber að leysa úr því, hvort skilorðsdómur ákærðu frá 18. júní 1984 skuli haldast eða hvort taka skuli öll málin til meðferðar og dæma þau í einu lagi, sbr. 60. gr. almennra hegng.

ingarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955 og 20/1981, en héraðsdómari hefur látið undir höfuð leggjast að taka þetta úrlausnarefni til meðferðar. Umferðarlagabrot þau, sem ákærða er nú sakfelld fyrir, eru framin áður en skilorðsdómurinn var upp kveðinn. Þykir rétt að láta skilorðsdóminn haldast, en dæma ákærðu refsingu með hliðsjón af 77. og 78. gr almennra hegningarlaga, og þykir hún hæfilega ákveðin 30 daga varðhald.

Staðfesta ber ákvæði beggja hinna áfrýjuðu héraðsdóma um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað í héraði, og dæma ber ákærðu til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Hinir áfrýjuðu dómar voru báðir kveðnir upp í sakadómi Akureyrar. Sigurður Jónsson bæjarfógetafulltrúi fór með og dæmdi bæði málin.

Mál það, sem dæmt var með hinum áfrýjaða dómi frá 29. nóvember 1984, var höfðað með ákæru 17. janúar 1984, og mál það, sem dæmt var 4. mars 1985, var höfðað með ákæru 18. júlí 1984. Átti héraðsdómari því að sameina mál þessi og dæma þau í einu lagi skv. 1. mgr. 77. gr. alm. hegningarlaga.

Þá er það aðfinnsluvert, að í síðara sakadómsmálinu hafa vitni eigi gefið skýrslur fyrir dómi. Ekki verður þó, svo sem gögnum í máli þessu er háttað, galli þessi talinn eiga að valda ómerkingu málsmeðferðar í héraði.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Gunnhildur Gunnarsdóttir, sæti varðhaldi í 30 daga. Ákærða er svipt ökuleyfi ævilangt frá 5. febrúar 1985 að telja.

Ákvæði beggja hinna áfrýjuðu héraðsdóma um sakarkostnað skulu óröskuð.

Ákærða greiði saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, fyrir Hæstarétti, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Akureyrar 29. nóvember 1984.

Ár 1984, fimmtudaginn 29. nóvember, er á dómþingi sakadóms Akureyrar, sem háð er í skrifstofu dómsins að Hafnarstræti 107 þar í bæ af Sigurði Jónssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1907/1983: Ákærvaldið gegn Gunnhildi Gunnarsdóttur.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 22. þ.m., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 17. janúar 1984, „á hendur Gunnhildi Gunnarsdóttur, Keilusiðu 1 B, Akureyri, fæddri 2. mars 1957 í Reykjavík, fyrir að aka, laugardaginn 3. september 1983, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni A-8822 stuttan spöl af bifreiðastæði við heimili sitt, þar til annað afturhjólf bifreiðarinnar losnaði af og bifreiðin var óökufær.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til ökuleyfisvæðingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

II.

Um kl. 10:00 að morgni laugardagsins 3. september 1983 var lögreglunni á Akureyri tilkynnt um bifreið, sem væri á mótum Teigarsíðu og Bugðusíðu og hefði hægra afturhjólf dottið undan henni. Einnig var þess getið, að ökumaður stæði hjá bifreiðinni, og virtist hann ölvaður. Er lögreglumennirnir komu á staðinn, hittu þeir fyrir Gunnhildi Gunnarsdóttur, ákærðu í máli þessu, og virtist þeim hún vera mikið ölvuð. Ákærða kvaðst eiga bifreiðina, en hefði ekki ekið henni er áðurgreint óhapp gerðist. Ákærða sagði, að ökumaður þá hefði verið Sigurður Magnús Þórðarson, Hrafnagilsstræti 9, Akureyri, og væri hann nú staddur við Keilusiðu 1.

Er lögreglumennirnir höfðu tal af Sigurði, virtist þeim hann ekki vera undir áhrifum áfengis. Hann sagðist ekki hafa ekið bifreiðinni, er óhappið varð, heldur hefði ákærða ekið bifreiðinni.

Sigurður Magnús Þórðarson og ákærða voru færð á lögreglustöðina á Akureyri fyrir Árna Magnússon varðstjóra og þangað fenginn læknir, sem kl. 10:40 tók ákærðu blóðsýni til alkóhólákvörðunar. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknarinnar reyndist alkóhól í blóði 2,56‰.

Kl. 19:35 þennan sama laugardag var ákærða tekin til yfirheyrslu á lögreglustöðinni á Akureyri af Daniel Snorrassyni rannsóknarlögreglumanni. Ákærða kvaðst vera eigandi bifreiðarinnar A-8822, sem er af gerðinni Ford Torino, árgerð 1969, rauð að lit. Ákærða kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis meira og minna síðastliðnar tvær vikur. Hún sagði, að það hafi verið um kl. 18:00 daginn áður, sem hún fór í áfengisútsöluna við Hólabraut og keypti 5 eða 6 flöskur af áfengi. Upp úr því hélt ákærða áfram

áfengisneyslu. Þá var hún í bifreið með Erlu Sveinsdóttur og Friðriki Gestsyni, sambýlismanni sínum, og drakk Friðrik með henni, en Erla ók bifreiðinni. Skömmu síðar fóru þau heim til Erlu, en hún býr í Keilusiðu 5 A, Akureyri. Eftir að þau voru komin að Keilusiðu 5, hringdi þangað Sigurður Magnús Þórðarson. Erla var þá einnig byrjuð að neyta áfengis, og Sigurður bauðst til þess að koma og aka bifreiðinni fyrir þau. Hann kom svo skömmu síðar ásamt Valgarði Óla Jónassyni. Þau fóru þá öll út í bifreiðina A-8822, og ók Sigurður vítt og breitt um bæinn. Á meðan neyttu hinir áfengis. Þau fóru síðan á dansleik í veitingahúsinu Sjallanum nema Sigurður, sem fór heim til sín á meðan. Dansleiknum lauk um kl. 03:00, og á meðan á honum stóð, kvaðst ákærða hafa haldið áfram áfengisneyslu. Eftir dansleikinn héldu þau síðan áfram akstri, en þá var Sigurður kominn aftur. Ákærða kvaðst þá hafa verið orðin svo drukkin, að hún myndi ekki, hvað gerðist eftir það. Hún kvaðst síðan muna aftur eftir sér einhvern tímann um morguninn, en þá var hún í bifreið sinni ásamt manni, sem hún nefndi Sigurð frá Árbakka, Erlu og einhverjum Kela, sem hún ekki vissi frekari deili á, Valgarði Óla og Sigurði Magnúsi Þórðarsyni, sem ók eins og áður. Er þau voru á götu rétt fyrir neðan fjölbýlishúsið við Keilusiðu, þá datt allt í einu vinstra framhjólíð undan bifreiðinni, og stöðvaðist bifreiðin þar. Ákærða kvaðst hafa orðið að hlaupa á eftir hjólinu, þar sem enginn annar hreyfði sig til þess. Það tók hana nokkurn tíma að ná í hjólíð, þar sem hún var mjög drukkin og hrasaði a.m.k. tvisvar sinnum. Er ákærða kom til baka, voru allir farnir úr bifreiðinni nema Sigurður og Valgarður. Skömmu síðar eða rétt um leið og ákærða kom með hjólíð að bifreiðinni kom lögreglan á staðinn.

Ákærða kvaðst neita því að hafa ekið bifreiðinni og fullyrti, að Sigurður Magnús Þórðarson hefði ekið henni.

Ákærða kom hér fyrir dóm vegna þessa máls föstudaginn 27. janúar 1984, og var henni þá birt ákæran. Ákærða sagðist þá ekki vita, hvort það væri rétt, sem segir í ákærunni, og taldi sig ekki muna eftir að hafa ekið bifreiðinni. Ákærða sagðist muna, þegar hjólíð datt undan bifreiðinni, og sagði, að sig minnti, að þá hafi Sigurður Magnús Þórðarson verið ökuður. Ákærða sagði einnig, að sig minnti, að fleiri hafi verið í bifreiðinni en hún ein, þegar hjólíð datt undan.

Ákærða kom aftur hér fyrir dóm mánudaginn 6. febrúar 1984. Ákærða hélt fast við, að hún hafi ekki ekið bifreiðinni A-8822 undir áhrifum áfengis laugardaginn 3. september 1983. Hún sagðist geta nefnt vitni að því, að það hafi ekki verið hún, sem ók bifreiðinni, heldur ljóshærður strákur, sem ákærða taldi vera Sigurð Magnús Þórðarson. Ákærða sagði, að þessi vitni væru þau Ásgrímur Þorsteinsson og Þóra Friðriksdóttir og þau hafi séð, er akstur sá, er í ákæru er greindur, átti sér stað.

Vitnið Björgvin Smári Jónatansson, f. 07.09. 1949, Tungusiðu 26, Akureyri, kom hér fyrir dóm fimmtudaginn 23. febrúar 1984. Vitnið kvaðst ekki hafa séð sjálft, hver ók bifreiðinni. Vitnið sagðist hafa staðið ásamt fleira fólki sunnan við fjölbýlishúsið að Keilusiðu. Vitnið minntist þess að hafa einhverri stundu áður ekið framhjá bifreiðinni sem var stór gamall rauður amerískur Fordari, að því er vitnið taldi. Vitnið kvaðst þá hafa séð, að ölvað fólk var við bifreiðina og að ákærða stóð við vinstri hurð hennar. Það var svo ca 10 mínútum seinna, að bifreiðin fór í gang með miklum látum. Bifreiðinni var nú ekið harkalega afturábak og snúið ca 90° til norðurs. Síðan var bifreiðin stöðvuð, en síðan ekið afturábak aftur, sennilega vegna þess að ökumaður hafi ekki verið búinn að taka bifreiðina úr gangstigi afturábak. Síðan var bifreiðin tekin áfram með miklum látum, beygt útaf bifreiðaplaninu og niður götuna, en við það fór vinstra afturhjól undan bifreiðinni. Þegar hjólið fór undan, snerist bifreiðin í hálfhring og stöðvaðist. Vitnið kvaðst ekki hafa séð greinilega, hver ók bifreiðinni, því það kvaðst hafa beint athygli sinni frekar að aksturslaginu. Eftir að bifreiðin var stöðvuð, var reynt að keyra hana, þrátt fyrir að annað afturhjól vantaði undir hana. Þetta stóð mjög skamma stund, en eftir þetta sá vitnið ákærðu koma út um vinstri dyr bifreiðarinnar. Vitnið kvaðst telja fleiri en ákærðu hafa verið í bifreiðinni, en kvaðst ekki hafa tekið eftir því, er hin persónan, sem það taldi hafa verið karlmann, koma út úr bifreiðinni. Vitnið sagði, að þeir, sem voru með því á lóðinni og sáu aksturinn, hafi fullyrt, að ákærða hafi ekið bifreiðinni. Vitnið taldi það greinilegt, að ákærða var með áfengisáhrifum eða eitthvað óeðlileg.

Vitnið Ásgrímur Þorsteinsson, f. 29.11. 1913, Smárahlið 3 C, Akureyri, kom hér fyrir dóm mánudaginn 27. febrúar og þriðjudaginn 17. apríl 1984. Vitnið kvaðst hafa séð aksturinn út um glugga á stigagangi á Keilusiðu 1. Vitnið sagði, að ákærða hafi ekki ekið bifreiðinni, svo sem segir í ákæru-skjalinu, heldur hafi ljóshærður maður í hvítu skyrtu og bláum vinnubuxum ekið bifreiðinni þennan spöl. Vitnið kvaðst hafa séð, er þessi maður kom út úr bifreiðinni vinstra megin, eftir að hjólið var farið undan bifreiðinni. Vitnið sagði, að ákærða hafi verið inni í bifreiðinni með þeim, sem ók, en sagði, að hún hafi örugglega ekki ekið henni. Vitnið sagði, að ákærða hafi komið hægra megin út úr bifreiðinni, eftir að hún var stöðvuð. Síðan gekk ákærða fram með bifreiðinni á eftir hjólinu, sem rúllaði undan bifreiðinni. Vitnið kvaðst hafa séð ákærðu farþegamegin inni í bifreiðinni, meðan aksturinn átti sér stað.

Vitnið Dóra Friðriksdóttir, f. 11.07. 1943, Smárahlið 3 C, Akureyri, kom hér fyrir dóm mánudaginn 27. febrúar og þriðjudaginn 17. apríl 1984. Vitnið kvaðst hafa verið stöð í stigagangi hússins að Keilusiðu 1, er akstur sá, er í ákæru er tilgreindur, átti sér stað. Vitnið sagði, að það hafi ekki

verið ákærða, sem ók bifreiðinni þennan spöl, heldur ljóshærður drengur í stuttum ljósum stakk og dökkum buxum. Vitnið kvaðst hafa séð þennan dreng stíga út úr bifreiðinni stýrismegin, eftir að bifreiðin var stöðvuð. Vitnið sagði, að ákærða hafi verið með drengnum í bifreiðinni, er aksturinn átti sér stað, og segir, að hún hafi komið út úr bifreiðinni farþegamegin, eftir að bifreiðin stöðvaðist.

Vitnið Kristján Jónsson, fæddur 23.07. 1956, Keilusiðu 4 G, Akureyri, kom hér fyrir dóm mánudaginn 5. mars 1984. Vitnið kvaðst hafa séð, er akstur sá, er í ákæru greinir, átti sér stað, en kveðst þó ekki hafa séð upphafið og þá ekki, hver steig inn í bifreiðina fyrir aksturinn. Vitnið kvaðst ekki hafa séð, hver sat undir stýri bifreiðarinnar, meðan á akstri stóð, en kvaðst hafa séð háan dökkhærðan kvenmann stíga bílstjóræmegin út úr bifreiðinni að akstrinum loknum. Vitnið sagði, að kvenmaðurinn hafi örugglega komið undan stýri bifreiðarinnar, og kvaðst telja, að ekki hafi verið fleiri í bifreiðinni, en þorði þó ekki að fullyrða það.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Sigurbjörg Einarsdóttir, f. 24.04. 1956, til heimilis að Keilusiðu 4 G, Akureyri. Vitnið kvaðst hafa séð, er akstur sá, er greindur er í ákæru, átti sér stað. Vitnið sagði, að það hafi staðið fyrir utan stigagang hússins að Keilusiðu 4. Vitnið kvaðst hafa séð, að dökkhærður stór kvenmaður, klæddur í ljósgul föt, ók bifreiðinni þennan spöl. Vitnið kvaðst ekki hafa séð, hvort farþegi var í bifreiðinni. Vitnið kvaðst ekki hafa séð, þegar þessi kvenmaður fór inn í bifreiðina, og kvaðst fyrst hafa tekið eftir henni, þegar bifreiðin var að koma út af planinu við Keilusiðu 1, því þá heyrði vitnið vél undan hjólbörðum bifreiðarinnar. Þá kvaðst vitnið hafa séð kvenmanninn inni í bifreiðinni undir stýri hennar. Vitnið sagði, að svo hafi virst sem kvenmaðurinn hafi ekki orðið strax var við, að hjólið fór undan bifreiðinni. Vitnið sagðist ekki hafa séð, hver kom undan stýri bifreiðarinnar, þegar hún var stöðvuð, því þá kvaðst vitnið hafa horft á eftir dekkinu, sem rúllaði niður götuna.

Vitnið Heiðar Ólafsson, f. 04.06. 1952, kom hér fyrir dóm þriðjudaginn 13. mars 1984. Vitnið kvaðst hafa séð, er akstur sá, sem í ákæru er greindur, átti sér stað. Vitnið sagði, að ákærða hafi verið ein í bifreiðinni, er aksturinn átti sér stað, og kvaðst hafa séð hana undir stýri bifreiðarinnar. Vitnið kvaðst ekki vera kunnugt ákærðu, en kvaðst þekkja hana í sjón. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærðu stíga inn í bifreiðina, en sagðist hafa séð, er hún steig út úr bifreiðinni bílstjóræmegin, eftir að hjólið var dottið undan henni. Vitnið kvaðst vera þess fullvisst, að enginn annar en ákærða hafi komið út úr bifreiðinni, eftir að hún var stöðvuð. Vitnið kvaðst hafa staðið við suðurenda hússins að Keilusiðu 2-4, er aksturinn átti sér stað. Vitnið sagði, að greinilegt hafi verið, að ákærða var undir áfengisáhrifum, er hún steig út úr bifreiðinni að akstri loknum. Vitnið sagði, að öruggt

væri, að enginn annar en ákærða hafi verið í bifreiðinni, er aksturinn átti sér stað, og að ákærða hafi verið klædd í áberandi gulan fatnað.

Vitnið Sigurður Ólafsson, fæddur 09.08. 1945, bóndi á Árbakka í Hrafnagilshreppi, Eyjafjarðarsýslu, kom hér fyrir dóm mánudaginn 19. mars 1984. Vitnið kvaðst ekki hafa séð, er akstur sá, er í ákæru er greindur, átti sér stað. Vitnið kvaðst hafa verið ölvað inni í fjölbýlishúsinu að Keilusiðu þennan morgun, en ekki vita, hvaða númer húsið ber. Vitnið sagði, að sig minnti, að talað hafi verið um, að ákærða hafi ekki ekið bifreiðinni, heldur hafi hún farið inn í hana, eftir að hjólið var dottið undan henni, og reynt að aka henni eftir það.

Vitnið Valgarður Óli Jónasson, f. 21.12. 1960, Njarðvíkurbraut 30, Njarðvík, kom fyrir sakadóm Keflavíkur fimmtudaginn 15. nóvember sl. Vitnið kvaðst hafa séð ákærðu aka bifreið sinni frá heimili sínu og síðan stuttan spöl eða þar til eitt hjóla bifreiðarinnar datt undan. Vitnið kvað engan annan hafa verið í bifreiðinni, er þessi akstur átti sér stað, og að ákærða hafi verið mjög ölvuð við aksturinn, að akstrinum loknum segir vitnið, að ákærða hafi sagt: „Siggi, þú keyrðir“, eða eitthvað í þá áttina, og átti hún þá við Sigurð Magnús Þórðarson, sem þarna var nærri. Vitnið staðfesti skýrslu, sem rannsóknarlögreglan á Akureyri tók af því fimmtudaginn 8. september 1983.

Vitnið Sigurður Magnús Þórðarson, f. 01.10. 1957, Hrafnagilsstræti 9, Akureyri, kom fyrir sakadóm Reykjavíkur mánudaginn 9. nóvember 1984. Vitnið kvaðst hafa ekið bifreið fyrir ákærðu, en kvaðst hafa hætt akstrinum sökum afskiptasemi hennar. Kvaðst vitnið hafa farið út úr bifreiðinni ásamt Valgarði Óla Jónassyni, kunningja sínum. Vitnið kvaðst hafa tekið leiðslu úr sambandi í bifreiðinni og ætlaði með því að koma í veg fyrir, að bifreiðinni yrði ekið, enda kvaðst vitnið hafa tekið eftir því, að vinstra afturhjóla hennar hékk á einni ró. Kvaðst vitnið hafa gengið burt ásamt Valgarði og verið komið 100-200 metra niður fyrir bifreiðastæðið, þegar bifreiðin var sett í gang, henni ekið afturábak, síðan var henni gefið í botn og beygt, og þá var það sem hjólið fór undan henni. Vitnið kvaðst hafa séð ákærðu koma út úr bifreiðinni og stökkva upp í aðra bifreið. Vitnið kvaðst vera þess visst, að það var ákærða, Gunnhildur Gunnarsdóttir, sem ók bifreiðinni, er hjólið fór undan henni, og sagði, að ákærða hafi verið ein í bifreiðinni. Borin var undir vitnið skýrsla sú, sem rannsóknarlögreglan á Akureyri tók af því þann 8. september 1983. Vitnið kvað rétt eftir sér haft í þessari skýrslu og staðfesti undirskrift sína undir hana.

Þrátt fyrir neitun ákærðu og framburð vitnanna Ásgríms Þorsteinssonar og Dóru Friðriksdóttur þykir sannað með niðurstöðu alkóhólakvörðunar og framburði vitnanna Sigurðar Magnúsar Þórðarsonar, Valgarðs Óla

Jónassonar, Björgvins Smára Jónatanssonar, Kristjáns Jónssonar, Sigurbjargar Einarsdóttur og Heiðars Ólafsson, að ákærða hafi gerst sek um háttsemi þá, sem henni er gefin að sök í ákæru, og þykir háttsemi hennar þar réttilega færð undir 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Ber því að taka kröfur ákæruvaldsins til greina að öllu leyti.

III.

Ákærða er sakhæf, fædd 2. mars 1957 í Reykjavík, og hefur samkvæmt sakavottorði sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

— — —
Með ofangreindri háttsemi hefur ákærða unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga. Með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 ber nú að dæma ákærðu refsiauka við refsingu, er hún hlaut með dóminum frá 18. júní 1984. Dómssáttin frá 2. febrúar 1981 hefur ítrekunarverkan á brot það, sem hér er fjallað um, sbr. og 71. gr. almennra hegningarlaga. Verður refsing ákærðu ákveðin 15.000,00 króna sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms.

Þá ber, svo sem krafist er, að svipta ákærðu ökuleyfi með vísan til 81. gr. umferðarlaga. Þar sem hér er um ítrekað brot að ræða, verður ákærða svipt ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu.

Loks ber með vísan til 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála að dæma ákærðu til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björns Jósefs Arnviðarsonar hdl., 8.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Gunnhildur Gunnarsdóttir, greiði 15.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða er svipt ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björns Jósefs Arnviðarsonar hdl., 8.000,00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 5. mars 1985.

Ár 1985, mánudaginn 4. mars, er á dómþingi sakadóms Akureyrar, sem háð er í skrifstofu dómsins að Hafnarstræti 107 þar í bæ af Sigurði Jónsyni dómarafulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 923/1984: Ákæruvaldið gegn Gunnhildi Gunnarsdóttur.

Mál þetta, sem dómtekið var nú fyrr í dag, er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 18. júlí 1984, „á hendur Gunnhildi Gunnarsdóttur, Keilusiðu 1B, Akureyri, fæddri 2. mars 1957 í Reykjavík, fyrir að aka, sunnudaginn 27. maí 1984, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni A-9206 frá veitingastaðnum H-100 á Akureyri um götur bæjarins en akstrinum lauk við Keilusiðu 1 þar sem lögreglumenn bæjarins höfðu afskipti af henni.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til ökuleyfisvæptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

II.

Um kl. 22:30 sunnudaginn 25. maí 1984 var hringt á lögregluvarðstofuna á Akureyri og tilkynnt um ölvaða konu, sem væri ökumaður bifreiðarinnar A-9206, sem væri blá fólksbifreið. Þá var sagt, að karlmaður væri farþegi í bifreiðinni, sem ekið hefði verið norður Skarðshlíð. Nokkrum mínútum síðar fundu lögreglumenn á Akureyri bifreiðina A-9206, þar sem hún var kyrrstæð á bifreiðastæði utan við fjölbýlishúsið Keilusiðu 1. Undir stýri hennar sat kona, er þeir þekktu sem Gunnhildi Gunnarsdóttur, ákærðu í máli þessu, en hún bjó að Keilusiðu 1 B. Við hlið hennar sat maður, sem kvaðst heita Magnús Friðrik Óskarsson, til heimilis að Ferjubakka 10, Reykjavík. Hreyfill bifreiðarinnar var ekki í gangi og kveikjulaslyklar ekki í lásnum. Þau ákærða og Magnús sögðu ökumann bifreiðarinnar hafa farið inn í húsið. Töldu þau hann heita Hannes, en vissu ekki nánari deili á honum. Lögreglumönnum virtist ákærða allnokkuð undir áhrifum áfengis, og var framburður hennar ruglingslegur og samhengislaus. Neitaði hún ýmist eða játaði að hafa ekið bifreiðinni.

Ákærða var færð á lögreglustöðina á Akureyri, þar sem tekin var af henni varðstjóráskýrsla og þangað fenginn læknir, sem kl. 22:53 tók henni blóðsýni til alkóhólákvörðunar. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknarinnar reyndist alkóhól í blóði 2,02‰. Í varðstjóráskýrslu er ástandi ákærðu lýst svo, að sterkur áfengisþefur hafi verið af andardrætti hennar, augu dauf, andlit þrútið, jafnvægi óstöðugt, fatnaður velktur, málfar þvöglulegt, framkoma æst og framburður ruglingslegur og samhengislaus.

Ákærða var yfirheyrð af rannsóknarlögreglunni á Akureyri kl. 11:00 mánudaginn 28. maí 1984. Ákærða kvaðst þá hafa verið búin að neyta áfengis meira og minna upp á hvern dag undanfarnar 3-4 vikur. Hún kvaðst hafa neytt áfengis heima hjá sér þá daginn áður ásamt fleira fólki og að ákveðið hafi verið að fara í vínveitingahúsið H-100, en ákærða kvaðst þá hafa verið orðin mikið ölvuð. Ákærða kvaðst telja fullvíst, að farið hefði verið á bifreið Erlu Sveinsdóttur, blárri Benzbifreið, en ekki mundi hún

skráningarnúmer bifreiðarinnar. Ákærða kvaðst hafa verið búin að drekka 2-3 glös af áfengisblöndu inni í veitingahúsinu, er henni fór að líða illa, og það hún þá Magnús Óskarsson, sem með henni var, að fara með sér heim, til þess að hún gæti hvílst. Ákærða mundi eftir bifreið Erlu Sveinsdóttur úti fyrir veitingahúsinu og kvaðst hafa vitað, að hægt væri að koma bifreiðinni í gang án þess að nota kveikjúláslykla. Ákærða sagði þau Magnús hafa hitt einhvern mann, sem ákærða vissi ekki nein deili á, og beðið hann að aka bifreiðinni. Ákærða kvað þennan mann hafa ekið bifreiðinni, hún kvaðst sjálf hafa setið afturí bifreiðinni, en Magnús hafi setið farþegamegin frammi í. Að sögn ákærðu var ákveðið að fara heim til hennar, en hún mundi ekki hvaða götur voru eknar. Þegar heim til ákærðu var komið, fór þessi ókunni maður strax undan stýri bifreiðarinnar, og kvaðst ákærða ekki hafa tekið eftir því, hvert hann fór, en kveðst hafa farið fram í bifreiðina til þess að tala við Magnús. Ákærða kvaðst telja, að þau hafi keypt pylsur í Veganesti. Ákærða þvertók fyrir að hafa ekið bifreiðinni A-9206 að kvöldi þess 27. maí 1984.

Rannsóknarlögreglan á Akureyri yfirheyrði ákærðu aftur kl. 14:40 sama dag. Ákærða viðurkenndi þá, að það hafi verið hún, sem tók bifreiðina A-9206; sem er blá Benz fólksbifreið, og ekið henni heim. Ákærða kvaðst hafa verið mjög mikið ölvuð og sagðist hafa verið orðin veik og að það hafi verið þess vegna sem hún vildi komast sem fyrst heim. Ákærða kvaðst ekki muna eftir því, hvaða leið nákvæmlega hún ók bifreiðinni, en sagði, að komið hafi verið við í sjoppu á leiðinni heim og að sig minnti, að það hafi verið í Nesti. Ákærða kvað sig muna eftir að hafa verið undir stýri bifreiðarinnar, þegar lögreglan kom á staðinn og handtók hana.

Ákærða kom hér fyrir dóm vegna þessa máls kl. 17:15 mánudaginn 28. maí 1984. Ákærða sagði þá, að hún væri þess fullviss, að hún hafi ekki ekið bifreiðinni A-9206 undir áhrifum áfengis sunnudaginn 27. maí. Ákærða kvaðst hafa neytt áfengis í H-100, en sagðist ekki hafa neytt áfengis, eftir að hún fór þaðan, þar til lögreglan handtók hana. Ákærða sagðist hafa játað fyrir lögreglunni að hafa ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis einungis til þess að losna við frekari yfirheyrslur, en hún kvaðst ekki vita, hver ók bifreiðinni.

Magnús Friðrik Óskarsson, fæddur 17.09. 1948, til heimilis að Ferjubakka 10, Reykjavík, var yfirheyrður sem vitni af rannsóknarlögreglunni á Akureyri mánudaginn 28. maí 1984. Vitnið sagði, að daginn áður hefði það farið með ákærðu á hádegisbarinn í veitingahúsinu H-100, en þegar þar var lokað eftir hádegðið, fóru þau heim til hennar og voru þar við áfengisneyslu fram undir kvöld, en þá fóru þau aftur í veitingahúsið H-100. Vitnið kvaðst ekki vita fyrir víst, hvað klukkan var, þegar þau fóru í H-100 þarna um kvöldið, en taldi, að það hafi verið á tímabilinu kl. 20 eða 21.

Þau héldu síðan áfram áfengisneyslu í veitingahúsinu og voru bæði orðin nokkuð undir áfengisáhrifum. Um kl. 22:00 um kvöldið kvaðst vitnið hafa farið ásamt ákærðu út úr veitingahúsinu, en þá hafi ákærðu verið farið að líða illa. Eftir að þau komu út, gengu þau að blárri Mercedes Benz fólksbifreið, sem stóð skammt frá veitingahúsinu. Ekki kvaðst vitnið muna númer bifreiðarinnar, en taldi hana vera af eldri gerð. Settust þau inn í bifreiðina, bæði í aftursæti hennar, þar sem þau sátu stutta stund, ca 10 mínútur, en þá ákváðu þau að fara heim til ákærðu að Keilusiðu 1. Vitnið kvaðst hafa haft orð á því að fá leigubíl, en ákærðu fannst það óþarfi, þar sem hún gæti ekið. Síðan settist ákærða undir stýri þessarar bifreiðar, en vitnið kvaðst hafa setið í framsæti við hlið hennar. Ákærða gangsetti bifreiðina og ók af stað. Ekki kvaðst vitnið hafa orðið þess vart, að gangsetningin gengi neitt erfiðlega. Ákærða ók svo áleiðis heim til sín. Ekki kvaðst vitnið vita, hvaða götur hún ók, því það kvaðst vera ókunnugt í bænum. Á leiðinni stansaði ákærða við söluturn og þar fengu þau sér pylsur. Þar á eftir óku þau heim til ákærðu að Keilusiðu 1, og var ákærða rétt búin að drepa á vél bifreiðarinnar, þegar lögregluna bar þar að. Lögreglumennirnir handtóku þau síðan og fluttu á lögreglustöðina. Vitnið sagði það vera tilbúning, að þriðji maður hefði ekið bifreiðinni.

Kl. 11:00 miðvikudaginn 30. maí 1984 yfirheyrði rannsóknarlögreglan á Akureyri sem vitni Snjólaugu Aðalsteinsdóttur, fædda 07.07. 1946, Þverholti 10, Akureyri. Vitnið kvaðst vinna afgreiðslustörf í Veganesti við Hörgárbraut, þar sem verslað er með ýmsar vörur í gegnum sölulúgu. Bifreiðum er ekið upp að sölulúgunum og verslað er í gegnum þær. Vitnið kvaðst hafa verið við vinnu sína í Veganesti að kvöldi sunnudagsins áður, þ.e. þess 27. maí 1984. Um kl. 20 um kvöldið var leigubifreið ekið upp að sölulúgunni að austan. Vitnið þekkti konu sem sat í framsæti leigubifreiðarinnar sem Erlu Sveinsdóttur. Í aftursæti bifreiðarinnar voru fjórar manneskjur, og kvaðst vitnið þekkja í sjón stúlku þá, sem sat við gluggann, sem sneri að Nestinu, og sagði það hafa verið Gunnhildi Gunnarsdóttur. Vitnið kvaðst ekki hafa þekkt hana með nafni, en sagði, að sér hafi verið tjáð, að hún hétu því nafni. Vitnið sagði, að ákærða hafi oft komið í Nesti til að versla með Erlu Sveinsdóttur og þá á blárri Benz fólksbifreið. Vitnið kvaðst hafa séð að áfengisflaska gekk á milli fólksins í leigubifreiðinni og sá, að ákærða drakk úr flöskunni til jafns við aðra. Það var svo ca tveimur tímum síðar, að blárri Benz fólksbifreið var ekið að Veganesti. Bifreiðinni var ekið að syðri sölulúgunni að vestan. Það var Rebekka Björnsdóttir afgreiðslustúlka, sem fór að afgreiða fólkið í bifreiðinni. Eftir að Rebekka var farin að afgreiða þetta fólk í Benz bifreiðinni, varð vitninu litið á þann, sem var að versla, þ.e. bílstjórann, þar sem bifreiðin var vestan megin og sneri til suðurs. Vitnið kvaðst þá hafa séð, að þetta var sama stúlkan sem

hafði setið í aftursæti leigubifreiðarinnar ca 2 tímum áður og verið að staupa sig á áfengisflösku, þ.e. ákærða. Vitnið kvaðst telja, að Gunnhildur hafi verið mikið ölvuð, þegar hún sat undir stýri bifreiðarinnar og var að versla. Vitnið kvaðst hafa spurt allar afgreiðslustúlkurnar, sem þarna voru, hvort þetta væri ekki sama stúlkan, sem áður hafði verslað, og hvort þeim fyndist hún ekki drukkin að sjá. Öllum stúlkunum bar saman um, að svo væri. Vitnið kvaðst hafa viljað ganga úr skugga um þetta atriði, áður en það hringdi á lögregluna, sem það kvaðst síðan hafa gert. Vitnið tók niður skráningarnúmer bifreiðarinnar, sem var A-9206. Einn farþegi var í bifreiðinni, karlmaður, sem sat farþegamegin frammi í, en vitnið kannaðist ekki við þann mann. Vitnið kvaðst hafa verið í símanum að láta lögregluna vita af þessu, þegar ökumaður bifreiðarinnar A-9206 ók af stað eftir að hafa verslað. Var bifreiðinni ekið suður fyrir Nestið, þar sem henni var snúið við og ekið norður á Undirhlíðina, síðan vestur hana og svo norður Skarðshlíðina, en lengra kvaðst vitnið ekki hafa séð til ferða bifreiðarinnar.

Miðvikudaginn 30. maí 1984, kl. 11:40, yfirheyrði rannsóknarlögreglan á Akureyri sem vitni Rebekku Björnsdóttur, f. 30.06. 1954, til heimilis að Smárahlið 10 G, Akureyri. Vitnið kvaðst hafa verið sunnudagskvöldið áður við vinnu sína í Veganesti við Hörgárbraut. Vitnið kvaðst muna eftir leigubifreið, sem kom að Veganesti, að því er vitnið minnti milli kl. 19 og 20 um kvöldið. Nokkru síðar um kvöldið var blárri Benz fólksbifreið ekið upp að syðri sölulúgunni að vestan, þannig að það var bílstjórinn sem verslaði. Vitnið vissi, að þarna var um bifreið Erlu Sveinsdóttur að ræða, vegna þess að hún hafði oft komið og verslað í Nestinu. Vitnið kvaðst kannast við ökumann bifreiðarinnar í sjón, þ.e. stúlka sú, sem kemur oft með Erlu í Benz bifreiðinni til að versla, og sagði vitnið, að sér hafi verið tjáð, að hún hétu Gunnhildur Gunnarsdóttir. Einn farþegi var í Benz bifreiðinni, sem sat í farþegasæti frammi í, en ekki kvaðst vitnið vita, hvað hann hétu. Ákærða kom vitninu þannig fyrir sjónir sem hún væri sljó og að hún væri drukkin, og fannst vitninu sem málrómur hennar væri drafandi. Eftir að vitnið var búið að afgreiða ákærðu, þá ók hún norður Skarðshlíð og hvarf sjónum vitnisins.

Miðvikudaginn 30. maí 1984, kl. 14:00, yfirheyrði rannsóknarlögreglan á Akureyri sem vitni Sigríði Bjarkadóttur, fædda 05.03. 1954, til heimilis að Lyngholti 21, Akureyri. Vitnið kvaðst hafa verið að vinna á vinnustað sínum Veganesti við Hörgárbraut sunnudagskvöldið áður. Það var á milli kl. 19 og 20 sem leigubifreið kom að syðri lúgunni austan megin. Vitnið fór að afgreiða farþega í leigubifreiðinni. Vitnið kvaðst kannast við þá stúlku, sem sat frammi í leigubifreiðinni, sem Erlu Sveinsdóttur, en Erla verslar mjög oft í Veganesti. Aftur í leigubifreiðinni voru ein stúlka og tveir karlmenn. Stúlkan sat við gluggann og fór einnig að versla, eftir að Erla

hafði lokið sinni verslun. Þessa stúlku kvaðst vitnið kannast við í sjón, þar sem hún kemur einnig talsvert oft að versla eins og Erla og þá oft með henni. Vitnið sagði, að sér hafi verið tjáð, að þessi stúlka hétu Gunnhildur Gunnarsdóttir, og taldi vitnið hana greinlega talsvert mikið drukkna. Hún var sljó og það var erfitt að komast í samband við hana við afgreiðslu á því, sem hún bað um. Vitnið kvaðst muna, að á meðan hún var að afgreiða þetta fólk, þá var áfengisflaska látin ganga á milli, og drakk ákærða úr henni. Það var svo seinna um kvöldið sem blá Benz fólksbifreið kom að syðri sölulúgunni vestan megin. Vitnið þekkti þann bíl sem sama bíl og Erla Sveinsdóttir hefur umráð yfir. Það var Rebekka, sem afgreiddi fólkið í bifreiðinni. Vitnið sá, að þarna var komin sama stúlka og vitnið hafði afgreitt í leigubifreiðinni, og var hún að mati vitnisins greinilega ölvuð. Það var einn karlmaður, sem var farþegi frammi í bifreiðinni með ákærðu. Vitnið kvaðst hafa fylgst með bifreiðinni, þar til hún hvarf sjónum þess norður Skarðshlíð, og það var ákærða sem ók bifreiðinni frá Vega-nesti.

Ákærða kom fyrir sakadóm Reykjavíkur vegna þessa máls föstudaginn 7. desember 1984, og var henni þá birt ákæran. Ákærða viðurkenndi þá að hafa ekið bifreiðinni A-9206 undir áhrifum áfengis, eins og í ákæru greinir. Hún kvaðst ekki óska eftir að halda uppi vörnum í málinu og sagði ákæruna rétta.

Með niðurstöðu alkóhólákvörðunar og þessari játningu ákærðu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir sannað, að ákærða hafi gerst sek um háttsemi þá, sem henni er gefin að sök í ákæru, og þykir háttsemi hennar þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.

III.

Ákærða er sakhæf, fædd 2. mars 1957 í Reykjavík og hefur samkvæmt sakavottorði sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1979 25/10 í Vestm. eyjum. Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfl.
- 1980 14/7 í Reykjavík. Sátt, 50.000 kr. sekt fyrir brot á 257. gr. hgl.
- 1981 2/2 á Akureyri. Sátt, 1.800 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Svípt ökuleyfi í 12 mån. frá 2/2 '81.
- 1981 20/8 í Reykjavík. Dómur: 2 mån. fangelsi, skb. 2 ár, f. brot g. 248. gr. hgl.
- 1984 18/6 í Reykjavík. Dómur: 2 mån. fangelsi, skb. 2 ár, f. brot g. 1. mgr. 155. gr. hgl.
- 1984 29/11 á Akureyri. Dómur: 15.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Svípt ökuleyfi ævilangt frá 5.2. 1985.

Með ofangreindri háttsemi hefur ákærða unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga. Dómssáttin frá 2. febrúar 1981 hefur ítrekunarverkan á brot það, sem hér er fjallað um, sbr. og 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Dómarnir frá 18. júní og 29. nóvember 1984 gengu, eftir að ákærða framdi brot það, er hún er nú sakfelld fyrir. Verður refsing ákærðu ákveðin með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga hegningarauki, sem þykir hæfilega ákveðinn 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms.

Þá ber, svo sem krafist er, að svipta ákærðu ökuleyfi með vísan til 81. gr. umferðarlaga. Þar sem hér er um ítrekað brot að ræða, verður ákærða svipt ökuleyfi ævilangt frá 5. febrúar 1985, en þá tók ökuleyfissviptingin, sem henni var dæmd með dómnum frá 29. nóvember 1984, gildi.

Loks ber með vísan til 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála að dæma ákærðu til að greiða allan kostnað sakarinnar.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Gunnhildur Gunnarsdóttir, greiði 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi goldin innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða er svipt ökuleyfi ævilangt frá 5. febrúar 1984 að telja.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. september 1985.

Nr. 91/1985. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Karli Eron Sigurðssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Líkamsárás. Skaðabótakröfu vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.